

Miðvikudaginn 26. október 1955.

Nr. 97/1955. **Ragnar Blöndal h/f,**
 Nærfataverksmiðjan Lilla h/f
 og Gunnar Hall
 gegn
 Högna Jónssyni og gagnsök.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón
 Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal
 prófessor.

Málflutningsfrestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti 24.
 þ. m., óskaði umboðsmaður aðaláfrýjanda eftir fresti til að
 leggja fram ný sakargögn. Gagnáfrýjandi mótmælti frest-
 beiðni þessari.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hendi aðaláfrýjenda,
 að umrædd sakargögn séu þess eðlis, að efni sé til að fresta
 flutningi máls þessa, sem er víxilmál. Frestbeiðninni verður
 því ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreindur frestur verður ekki veittur.
